



Heimili láglaua barnafjölskyldna ná ekki endum saman jafnvel þó þau bæti við sig umtalsverðri aukavinnu. Óvenju lágur húsnæðiskostnaður, með lakari gæðum, þarf einnig að koma til ef forða á hallarekstri. Þetta sýnir úttekt á afkomu láglaunafólks sem greinir helstu afkomustærðir í lífi þess: Laun, lífeyrisiðgjöld, skatta, barna- og húsnæðisbætur og framfærslukostnað.

Einstæða foreldra á lágmarkslaunum með eitt barn undir 7 ára aldri vantar um 83.000 kr. á mánuði til að ná endum saman í janúar 2022. Með því að hækka tekjurnar með aukavinnu úr 368.000 kr. á mánuði í 450.000 krónur lækkar hallinn einungis í um 33.000 krónur. Óvenju ódýrt húsnæði þarf til viðbótar til að forðast halla.

Hjón eða sambúðarfólk með tvö ung börn á tvennum lágmarkslaunum (736.000 kr.) er með halla upp á 89.360 kr. á mánuði, þegar búið er að draga iðgjöld til lífeyrissjóða og tekjuskatt frá tekjum og bæta við barna- og húsnæðisbótum. Ef þau bæta við sig umtalsverðri aukavinnu (2x21,5 klst. á mán.) þá lækkar hallinn niður í tæplega 10.000 krónur á mánuði. Meira þarf því til að ná endum saman.

Niðurstaða: Lægstu laun eru of lág, af þeim er tekinn alltof hár tekjuskattur og barna- og húsnæðisbætur eru of lágur.

Hallarekstur á heimilum láglaunafólks

Það eru gömul sannindi og ný að ekki sé hægt að lifa af lágmarkslaunum á Íslandi. Hér áður fyrr var fólki sagt að hagvöxturinn myndi laga slíkan vanda og smám saman útrýma fátækt.

Ísland hefur náð góðum árangri í hagvaxtarþróun til lengri tíma og er nú eitt af ríkustu samfélögum jarðarinnar. En með aukinni hagsæld hækkar verðlag gjarnan hratt og Ísland er nú með eitt allra hæsta verðlag í heimi. Þó kaup hækki þá hækkar verðlag einnig hratt og þar með framfærslukostnaðurinn.

Síðustu kjarasamningar hafa þó skilað kaupmáttaraukningu, mest hjá lágtekjufólki. Hins vegar hefur húsnæðiskostnaður farið ört vaxandi, langt umfram kauphækkunar. Þar eð húsnæðiskostnaður vegur þungt í framfærslukostnaði þá grefur mikil hækkun hans undan afkomu, sérstaklega hjá lágtekjufólki, og vinnur þar með gegn markmiðinu um bættu afkomu þeirra verst settu.

Því er tímabært að spyrja hvernig lágmarkslaun á Íslandi duga til framfærslu á árinu 2022?

Aðferðin

Hér munum við skoða afkomu einstæðra foreldra með eitt barn (6 ára) og hjóna eða sambúðarfólks með tvö börn á framfæri sínu, annað 6 ára og hitt 9 ára. Við skoðum afkomuna á grundvelli lágmarkslauna eins og þau eru frá 1. janúar síðastliðnum, drögum frá iðgjöld til lífeyrissjóða og tekjuskatt, bætum við barnabótum og húsnæðisbótum og berum svo saman við uppfærðar tölur félagsmálaráðuneytisins um framfærslukostnað heimilanna.

Húsnæðiskostnaði er bætt við framfærsluviðmið stjórnvalda og er það byggt á meðalleigu fyrir hóflegar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu (60 og 85 fm), skv. tölum Þjóðskrár. Miðað við tölur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um hlutfall leigu af ráðstöfunartekjum leigjenda er þetta hóflega áætlaður húsnæðiskostnaður. Um 40% Eflingarfélaga býr í leiguhúsnæði, oft yngra og tekjulægra fólkið.

Einstæðir foreldrar með 1 barn

Fyrst skoðum við einstæða foreldra með barn undir 7 ára aldri sem búa í 60 fm leiguíbúð og hafa einungis lágmarkslaun og barna- og leigubætur til framfærslu. Á seinni myndinni er bætt við tekjum af aukavinnu.

Afkoma á lágmarkslaunum: Einstæðir foreldrar

Einstætt foreldri með 1 barn (<7 ára); 60m² leiguíbúð; 368 þús. kr. laun

Framfærsla láglaunafólks	Janúar 2022
Lágmarkslaun	368.000
Greitt í lífeyrissparnað	-14.720
Skattstofn	353.280
Fráðreginn tekjuskattur	-57.191
Útborguð laun	296.089
Framfærslukostnaður:	
Án húsnæðiskostnaðar	-303.771
Með húsnæðiskostnaði (165þ.)	-468.788
Barnabætur	46.750
Húsnæðisbætur	42.931
Halli í hverjum mánuði	-83.018

Lágmarkslaunin eru 368.000 kr. á mánuði frá 1. janúar sl. Af þeim eru dregin iðgjöld í lífeyrissjóð (14.720 kr.) og tekjuskattur (57.191 kr.) og til ráðstöfunar eru því 296.089 kr. Það þarf að mæta framfærslukostnaði sem með húsaleigu er tæplega 469.000 kr., samkvæmt uppreiknuðu framfærsluviðmiði stjórnvalda og meðalleigu samkvæmt gögnum Þjóðskrár.

Síðan bætast við barnabætur (46.750 kr.) og húsaleigubætur (42.931 kr.). Eftir stendur halli upp á 83.018 krónur í hverjum mánuði. Dæmið gengur því ekki upp. Til að draga fram lífið þarf viðkomandi foreldri að fara í óvenju ódýrt húsnæði og/eða bæta við sig umtalsverðri aukavinnu.

Á næstu mynd skoðum við hvernig 5 tíma aukavinna á viku (21,5 klst. á mánuði) bætir afkomuna. Það hækkar mánaðartekjurnar upp í 450.000 kr. en skatturinn hækkar einnig um hátt í 30.000 kr. og klípur þar með meira en þriðjung af tekjunum sem aukavinnan færir. Þannig er láglaunafólki refsað fyrir sjálfsbjargarviðleitnina.

Bæturnar halda sér á þessum lágu launum en eftir stendur samt halli upp á um 33.000 krónur á mánuði. Meira þarf því til.

Afkoma á lágmarkslaunum með aukavinnu: Einstæðir foreldrar

Einstætt foreldri með 1 barn (<7 ára); 60m² leiguíbúð; 450 þús. kr. laun

Framfærsla láglaunafólks	Janúar 2022
Lágmarkslaun + Aukavinna (21,5 klst. á mán.)	450.000
Greitt í lífeyrissparnað	-18.000
Skattstofn	432.000
Fráðreginn tekjuskattur	-85.947
Útborguð laun	346.053
Framfærslukostnaður:	
Án húsnæðiskostnaðar	-303.771
Með húsnæðiskostnaði (165þ.)	-468.788
Barnabætur	46.750
Húsnæðisbætur	42.931
Halli í hverjum mánuði	-33.054

Til að ná endum saman er því óhjákvæmilegt fyrir einstætt foreldri með 450 þúsund krónur í laun á mánuði að fara í óvenju ódýrt húsnæði eða búa hjá foreldrum eða ættingjum. Rétt er að benda á að 450.000 krónur eru algeng heildarlaun hjá lágtekjufólki. Þetta gefur því raunsæja mynd af afkomumöguleikum einstæðra láglaunaforeldra með eitt barn. Með fleiri börnum væri staðan auðvitað þyngri, enda duga barnabætur ekki fyrir fullum framfærslukostnaði barna.

Til að ná endum saman þurfa einstæðir foreldrar á lágmarkslaunum og með yfirvinnu að hafa hærri laun, lægri skatta og hærri tilfærslur frá velferðarkerfinu.

Þetta myndi íslenska hagsældarríkið auðveldlega ráða við – ef vilji væri til.

Hjón eða sambúðarfólk með 2 börn

Forsendurnar eru svipaðar í úttektinni á afkomu hjóna, nema hvað gert er ráð fyrir ívið stærra leiguíbúð (85 fm) sem hækkar leiguverð upp í um 234 þús. kr. á mánuði. Í fyrra dæminu, á þriðju mynd, er miðað við að báðir foreldrar vinni fulla vinnu á lágmarkslaunum.

Heildarlaun eru því 2x368.000 kr. á mánuði, eða 736.000 kr. samtals. Frá því dragast tæplega 30 þús. kr. í iðgjöld til lífeyrissjóða og rúmlega 136 þús. kr. í tekjuskatt. Eftir eru 570.334 krónur til framfærslu.

Framfærslukostnaður með húsaleigu er um 763.000 kr. á mánuði. Við hann bætast barnabætur (57.583 kr.) og leigubætur (46.568 kr.), sem hjálpar til, en ekki nóg samt. Eftir stendur halli upp á 89.360 kr. í hverjum mánuði að jafnaði.

Afkoma hjóna á 2x lágmarkslaunum

Hjón með 2 börn (1 yngra en 7 ára); 85m² leiguíbúð; 2x368 þús. kr. laun

Framfærsla láglaunafólks	Janúar 2022
Lágmarkslaun	736.000
Greitt í lífeyrissparnað	-29.440
Skattstofn	706.560
Fráðreginn tekjuskattur	-136.226
Útborguð laun	570.334
Framfærslukostnaður:	
Án húsnæðiskostnaðar	-530.071
Með húsnæðiskostnaði (234þ.)	-763.845
Barnabætur	57.583
Húsnæðisbætur	46.568
Halli í hverjum mánuði	-89.360

Vissulega er erfitt fyrir hjón með tvö ung börn að vinna bæði fulla vinnu. Algengt er því að önnur fyrirvinnan vinni meira en fulla vinnu á vinnumarkaði og hin minna og verji þá meiri tíma í umönnun barnanna.

En hvernig lítur dæmið út ef bæði vinna fulla vinnu og bæði bæta einnig við sig aukavinnu upp á 21,5 klst. hvort á mánuði? Hér er auðvitað komið út í afar mikla fyrirhöfn hjá fjölskyldum með ung börn.

Afkoma hjóna á 2x lágmarkslaunum + aukavinnu

Hjón með 2 börn (1 yngra en 7 ára); 85m² leiguíbúð; 2x450 þús. kr. laun

Framfærsla láglaunafólks	Janúar 2022
Lágmarkslaun + Aukavinna (2x21,5 klst. á mán.)	900.000
Greitt í lífeyrissparnað	-36.000
Skattstofn	864.000
Fráðreginn tekjuskattur	-195.975
Útborguð laun	668.025
Framfærslukostnaður:	
Án húsnæðiskostnaðar	-530.071
Með húsnæðiskostnaði (234þ.)	-763.845
Barnabætur	57.583
Húsnæðisbætur	28.528
Halli í hverjum mánuði	-9.709

Þá fara tekjur heimilisins upp í um 900.000 kr. á mánuði (2x450.000). Þrátt fyrir að virðast vera talsverðar tekjur þá er það vel undir meðaltekjum hjóna. Af þeim dragast 36.000 kr. í iðgjöld til lífeyrissjóða og svo um 196.000 kr. í tekjuskatt.

Eftir eru 668.025 kr. til framfærslu. Sú upphæð þarf að mæta framfærslukostnaði upp á um 764.000 kr. á mánuði, sem dugir hvergi. Þó bætast við barnabætur (57.583 kr.) og lækkaðar leigubætur (úr 46.568 kr. í 28.528 kr. – skertar vegna „hárra“ tekna). Það hjálpar þó, en samt er halli upp á tæpar 10 þúsund krónur á mánuði.

Nær ómögulegt má telja að báðir foreldrar tveggja ungra barna geti unnið fulla vinnu og bætt bæði við sig fullri aukavinnu eins og ráð er gert fyrir í reiknidæminu á myndinni hér að ofan. Því er líklegra að annað foreldrið tæki á sig alla aukavinnuna sem yrði þá veruleg. Viðbúið er að vegna mikillar vinnu foreldra í þessu dæmi þyrfti að greiða auka barnagæslukostnað sem myndi hækka framfærslukostnaðinn.

Með þeirri háu skattlagningu sem er á lágur tekjur hér á landi og lágur barna- og húsnæðisbætur er ljóst að til að ná endum saman þurfa hjón/sambúðarfólk með tvö ung börn að bæta á sig afar mikilli vinnu og aukavinnu og/eða fara í óvenju ódýrt og lakara húsnæði til að eiga möguleika á að ná endum saman. Þetta eru þrengingar á alla kanta.

Niðurstaða

Möguleikar barnafjölskyldna á lágmarkslaunum til að ná endum saman byggja á því að vinna mikla aukavinnu og sætta sig við lakari húsnæðisaðstæður en almennt tíðkast á Íslandi. Háir skattar á lágur tekjur grafa óeðlilega mikið undan afkomumöguleikum þeirra verst settu og naumt skammtaðar barnabætur og húsnæðisbætur ná ekki að brúa það bil sem þarf.

Á tímabilinu frá 1988 til 1995 voru lágmarkslaun á vinnu-markaði skattfrjáls í tekjuskattkerfinu, en nú eru teknar um 57.000 krónur á mánuði af þeim. Þannig hefur hækkan tekjuskatts af lágmarkslaunum unnið gegn því að fólk sem er á þeim kjörum geti náð endum saman. Á sama tíma var skattbyrði tekjuhæstu hópanna með mestu fjármagnstekjurnar stórlega lækkuð. Framhald fyrri skattastefnu hefði skilað mun réttlátari útkomu í dag.

Á árunum frá 1988 til 1995 voru tekjutilfærslur velferðarkerfisins til heimila lágtekjufólks talsvert hærra en nú.

Í komandi kjarasamningum er mikið verk að vinna til að bæta afkomu láglaunafólks. Til þess þarf hærra laun og lægri skatta á þá tekjulægstu, sem og samkeppnishæfar barna- og húsnæðisbætur.

Heimildir: Ríkisskattstjóri; Þjóðskrá; Félagsmálaráðuneytið; Húsnæðis- og mannvirkjastofnun; Hagstofa Íslands.

Fyrri hefti af Kjarafréttum (sjá á www.efling.is):

Nr. 1: Barnabætur eru of lágur á Íslandi

Nr.2: Íbúðaverð hækkar og hækkar – en vaxtabætur lækka og lækka

Nr. 3: Á lengri ævi menntafólks að lækka lífeyri verkafólks?

Nr. 4: Hallarekstur á heimilum láglaunafólks

Nánari upplýsingar: Stefán Ólafsson / stefan@efling.is / sími 891 8656
Aðstoð við gagnavinnslu: Stefán Andri Stefánsson, hagfræðingur